



## Fuglamerkingar 2017

Árið 2017 var 97. ár fuglamerkinga á Íslandi. Fimmtíu og tveir merkingamenn skiluðu skýrslum um merkingu á alls 21.463 fuglum af 85 tegundum. Þetta er metfjöldi merktra fugla á einu ári, en síðasta met frá 2014 var 19.046 fuglar. Mest var merkt af auðnutittlingi, 8784 fuglar, en næstmest af skógarpresti, 2397 fuglar. Eftir langvarandi afkomubrest hjá lunda voru merkingar á lundapysjum óvenju miklar á árinu eða 1584 fuglar, það mesta síðan 1996. Ein ný tegund, pánefur, bættist við á árinu og eru tegundir sem merktar hafa verið frá upphafi orðnar 157.

### Starfslið

*Fuglamerkingaráð:* Guðmundur A. Guðmundsson (formaður), Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Svenja N.V. Auhage, Anna Sveinsdóttir, Kjartan Birgisson og Trausti Baldursson.

*Dagleg umsýsla:* Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage (0,46 og 0,45 ársverk).

### Fuglamerkingar

Alls voru 21.463 fuglar af 85 tegundum merktir árið 2017 og bættist ein ný tegund í hópinn (samtala 1921-2017, 718.797 fuglar af 157 tegundum; 1. tafla). Merkingamenn skiluðu upplýsingum um fleiri endurveidda fugla (kontról) en nokkru sinni fyrr eða um 4700. Um 390 endurheimtur voru afgreiddar á árinu (samtala 1921-2017, 57.734 skráðir endurfundir merkja í gagnagrunni). Vinna við afgreiðslu hundruða endurheimta fugla sem merktir voru 2017 er komin á fullt skrið eftir að innflutningi merkingagagna lauk. Enn bíða vinnslu um 5900 kontról eigin merkja frá merkingamönnum síðustu tvö ár.

- Sex aðilar merktu meira en 1000 fugla á árinu 2017. Það var Ingvar A. Sigurðsson sem merkti flesta fugla eða 3649. Sverrir Thorstensen merkti 3579 fugla, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands merkti 2018 fugla, Jón Magnússon merkti 1861 fugl, Gunnar Þór Hallgrímsson merkti 1437 fugla og Gunnar Tómasson merkti 1029 fugla (2. tafla).
- Virkir merkingamenn, þ.e. þeir sem merktu einhvern fugl á árinu, voru 52 talsins (2. tafla).
- Fjórir merkingamenn féllu frá á árinu: Björn Baldursson frá Vigur (nr. 306), Hálfán Björnsson frá Kvískerjum (091), Tryggvi Eyjólfsson frá Lambavatni (097) og Örn Þorleifsson frá Húsey (371). Hálfán og Tryggvi hófu báðir fuglamerkingar árið 1942. Hálfán lagði tögina á hilluna árið 2012 eftir 70 ára merkingar (aðeins eitt ár féll niður án merkinga) og nærri 27.000 fugla. Tryggvi merkti, með smá hléum í upphafi, á 67 árum til 2016 rúmlega 10 þúsund fugla. Björn var æðarbóndi og merkti æðarfugla í varpi sínu. Örn var útvegsbóndi og fékk oft lóma í selalagnir sínar, sem hann merkti og slepti (alls 166 fullvaxnir lómar af þeim 300 sem merktir hafa verið til þessa). Við minnumst þessara ötulu fuglamerkingamanna með þökkum fyrir gott samstarf og mikið framlag.
- Fjórir nýir liðsmenn bættust hóp fuglamerkingamanna á árinu. Þeir eru Salvar Baldursson frá Vigur (421), Þórður Örn Kristjánsson (422), Cristian Gallo (423) og Eyjólfur Tryggvason frá Lambavatni (424).
- Ein ný tegund var merkt á árinu. Það var pánefur *Loxia pytyopsittacus* sem kom í net Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands í Einarslundi í október.
- Mest var merkt af eftirtöldum tegundum árið 2017: auðnutittlingur 8784, skógarpröstur 2397, lundi 1631, kría 1005, rauðbrystingur 677, tjaldur 617 og æður 520 (1. tafla).

- Þær tíu tegundir sem mest hefur verið merkt af frá upphafi eru: snjótittlingur 81.297, lundi 79.547, skógarpröstur 67.730, kría 56.740, rita 36.370, fýll 32.316, auðnutittlingur 29.599, skúmur 21.299, teista 20.271 og æðarfugl 20.063 (þ.a. 4496 eldisungar; 1. tafla).

### **Endurheimtur**

Alls var tilkynnt um 93 endurheimtur á fuglum með erlend merki á árinu og var uppruni þeirra eftirfarandi: 78 frá Bretlandseyjum, sjö frá Hollandi, fjórir frá Noregi, tveir frá Spáni, einn frá Danmörku og einn frá Þýskalandi. Þessi upptalning er reyndar fjarri því að vera tæmandi því ótaldir eru þúsundir álestra á litmerkta fugla af ýmsu tagi sem merktir hafa verið hérlendis og erlendis s.s. álftir, heiðagæsir, grágæsir, blesgæsir, marggæsir, tjaldar, sandlóur, jaðrakanar, stelkar, rauðbrystingar, sanderlur, tildrur og sílamáfar, svo eitthvað sé talið. Flest þessi verkefni eru vistuð hjá verkefnisstjórum sem halda utan um gagnaskráningu. Unnið er að því að fá árlega yfirlit gagna og afrit af gagnagrunnum til vörslu á Náttúrufræðistofnun. Þessi verkefni eru mörg mjög stór og oft eru gagnasöfn álestra margfalt stærri en þau gagnasöfn sem endurheimtur fuglamerkja hafa skilað um sömu tegundir. Sem dæmi um álestra er framtak Guðmundar Arnar Benediktssonar á Kópaskeri sem hefur um árabíl lesið á merkta fugla víðsvegar um NA-horn landsins. Á síðasta ári tilkynnti hann álestra á litmerki og stálmerki á 37 sanderlum, 31 rauðbrystingi, 19 tjöldum, sex stelkum, sex lóuprælum, þremur tildrum, einum jaðrakan og einni sandlóu. Alls voru þetta 103 álestrar, m.a. á nokkrar sanderlur frá Mánitáníu og eina frá Ghana. Fyrsta sandlóan merkt í Noregi sást á Melrakkaslétu.

Viðförlasti fugl ársins var litmerkta sanderlan frá Ghana sem Guðmundur Örn Benediktsson sá í maí á Melrakkaslétu og getið er hér að ofan, 6910 km frá merkingastað. Lesið var á stálmerki á stormmáfi í Swampscott, Massachusetts 28. febrúar 2017 sem kominn var 4110 km að heiman, en Þorlákur S. Helgason merkti hann sem unga við Akureyrarflugvöll sumarið 2013.

Hettusöngvari kvenfugl (9A53303) sem Sigurður Ægisson merkti á Siglufirði 3. nóvember 2016 og endurveiddi á Siglufirði 20. janúar og 30. mars 2017 vakti athygli þegar hann náðist lifandi við Drummond á Inverness í Skotlandi í júlí 2017. Þetta er í fyrsta sinn, svo vitað sé, sem flækings-spörfugl merktur á Íslandi skilar sér til baka til náttúrlegra heimkynna tegundarinnar. Dæmi eru til um að fuglar af stærri tegundum s.s. dvergsvanur hafi snúið til baka til fyrri heimkynna. Til ársloka 2017 höfðu 232 hettusöngvarar verið merktir á Íslandi og 8 þeirra endurheimst hér heima og einn í Skotlandi. Hettusöngvarar merktir erlendis sem fundist hafa hérlendis eru flestir frá Belgíu fimm að tölu, tveir frá Hollandi, einn frá Frakklandi og einn frá Danmörku.

Ný íslensk aldursmet. Elsta álft Evrópu, BXN (nr. A1495), fannst dauð í maí og er talin hafa drepist síðla vetrar. Sverrir Thorstensen merkti hana sem unga við Engivatn á Fljótsheiði 5. september 1986 og varð hún því a.m.k. 30,5 ára. Hún var endurveidd 2013 og fékk þá litmerki. Eldri álft er ekki að finna á lista EURING yfir evrópsk aldursmet. Skrofa (481010) sem Jóhann Óli Hilmarsson merkti sem fullöðna á hreiðri sumarið 1991 var endurveidd á hreiðri 26 árum síðar og er því a.m.k. 32 ára, miðað við að skrofur eru taldar hefja varp 6-7 ára gamlar. Þetta er nýtt Íslandsmet en elsta þekkt skrofa Evrópu var bresk og varð a.m.k. 50,9 ára.

### **Gagnavarsla**

Merkinga- og endurheimtugögn eru varðveitt í SQL gagnagrunni sem stýrt er með sérhæfðu umsýsluforriti (Flygill) og með fyrirspurnum gegnum Microsoft Access. Merkingaskýrslur 2017 voru nær allar rafrænar og fylgir því mikið hagræði. Skjölín eru tilbúin til innflutnings í gagnagrunninn og léttir það mjög vinnuna. Í árslok 2017 voru 98% allra merkinga og 97% endurheimta komin í grunninn. Því er aðeins lokahnikkur eftir í skráningu eldri gagna í gagnagrunn og á aðeins eftir að slá inn í gagnagrunn um tvö þúsund merki af stærð 9A og um 13.000 merkingar á vegum Skovgaard, á árunum 1921-1954.

	Áætlaður fjöldi 1921-2017	Færslur 31. des. 2017	Í gagna- grunni
Merkingar	729.900	714.900*	98%
Endurheimtur*	65.900	63.700**	97%

\* Inniheldur allar merkingar 2017 og 3915 erlendar. \*\* Þar með talin kontról 2016 og 2017 á rafrænu formi.

Vinna við samræmingu kóðunar íslenskra merkinga- og endurheimtugagna við staðal EURING, sem eru regnhlífarsamtök umsjónaraðila fuglamerkinga í Evrópu, var fram haldið. Öllum endurheimtum íslenskra merkja erlendis hefur verið skilað til EURING gagnagrunnsins (EDB) á EURING 2000 formi til notkunar í endurheimtuatlas úr öllum tiltækum gögnum frá Evrópu. Áform um að taka upp merkingaforritið RingAccess eru í uppnámi, en unnið er að sameiginlegri lausn innan EURING fyrir smærri merkingastöðvar sem enn hafa ekki hentuga umgjörð fyrir gagnagrunna sína.

### **Merkingaleiðangrar**

Í byrjun júlí leiddi Ólafur Á. Torfason sinn 23. leiðangur í Skrud. Merktir voru 388 fuglar: 58 súlur, 288 langvíur, 41 rita og ein teista. Alls hafa verið merktir 23.918 fuglar í Skrud síðan þetta átak hófst árið 1995.

Nokkrir erlendir aðilar komu til landsins á árinu til fuglamerkinga. Próffessor S. Bearhop stóð fyrir merkingum á margæsum á Innesjum í maí og voru 132 fuglar nýmerktir með stáli og lituðum fóthringjum. Tólf þeirra fengu að auki GPS gagnarita. Jim Wilson kom ásamt hópi sjálfboðaliða og merkti 702 rauðbrystinga á Vesturlandi sem flestir fengu litmerki auk stálmerkis. Leiðangur á vegum Tony Fox rannsaði blesgæsir á Hvanneyri í september og merkti m.a. 78 blesgæsir og voru 19 þeirra búnar GPS gagnaritum.

### **Úrvinnsla og kynning**

Margar beiðnir um tölfræði vegna merkinga og endurheimta eða afhendingu endurheimtugagna til úrvinnslu bárust á árinu og vörðuðu súlu, toppskarfi, dílaskarfi, skrofu, stormsvölu, sjósvölu (tvær beiðnir), teistu, álku, langvíu, stuttnefju, spóa, kríu og skógarpröst (tvær beiðnir). Í flestum tilfellum var hægt að láta umbeðnar upplýsingar af hendi og vonandi leiðir vinna þessara aðila til birtinga og gagns og gamans fyrir alla.

Norsk Polarinstittutt hefur verið í samstarfi við íslenska vísindamenn síðan 2014 í svonefndu Seatrack verkefni um gagnaöflun um ferðir 10 sjófuglategunda með hjálp s.k. dægurrita (e: geolocator). Út frá mælingum á birtu má tímasetja sólargang og reikna út frá honum grófar daglegar staðsetningar. Til þess að það sé hægt þarf að endurveiða fuglana sem bera tækin og hlaða niður upplýsingunum sem þau safna. Þessu verkefni var fram haldið 2017 og eru niðurstöður aðgengilegar á netinu (<http://seatrack.seapop.no/map/>).

### **Greinar sem tengjast íslenskum fuglamerkingum birtar 2017**

- Bride, K., C. Mitchell, E. Burrell, G. McElwaine & L. Barber 2017. Capture and marking round-up 2016/17. *GooseNews* 16: 25-26.
- Burrell, E., L. Griffin, C. Mitchell & M. Weegman 2017. Researching the Greenland White-fronted Goose. *GooseNews* 16: 6-8.
- Carneiro, C. & J.A. Alves 2017. Ireland a stepping stone for Whimbrel. *I-WeBS News* 21: 7.
- Colhoun, K & G. McElwaine 2017. Brent Goose numbers on the rise. *I-WeBS News* 21: 2.
- Jonsson, J.E., S.J. Ludviksson & M.D. Kaller 2017. The early birds and the rest: do first nesters represent the entire colony? *Polar Biology* 40: 413-421.

Urriðaholti í Garðabæ 15. mars 2018. Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage

**1. tafla.** Merktir fuglar 2017 skipt eftir tegundum og aldri (fullvaxnir og ófleygir) ásamt heildarfjölda þeirra frá upphafi merkinga 1921 til og með 2017. Sjaldgæfum tegundum er öllum steipt saman í heildartölur og tífundaðar neðanmáls, bæði merkingar 2017 og frá upphafi.

Númer	Tegund	Latneskt heiti	Merktir 2017			Samtals 1921-2017		
			Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
20	Lómur	<i>Gavia stellata</i>	2	0	<b>2</b>	300	264	<b>564</b>
40	Himbrimi	<i>Gavia immer</i>	1	0	<b>1</b>	13	0	<b>13</b>
110	Flórigoði	<i>Podiceps auritus</i>	0	0	<b>0</b>	166	380	<b>546</b>
220	Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	193	182	<b>375</b>	26988	5328	<b>32316</b>
460	Skrofa	<i>Puffinus puffinus</i>	4	21	<b>25</b>	282	322	<b>604</b>
520	Stormsvala	<i>Hydrobates pelagicus</i>	41	0	<b>41</b>	5896	14	<b>5910</b>
550	Sjósvala	<i>Oceanodroma leucorhoa</i>	46	0	<b>46</b>	8608	136	<b>8744</b>
710	Súla	<i>Morus bassanus</i>	26	32	<b>58</b>	1431	6316	<b>7747</b>
720	Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>	0	0	<b>0</b>	4	3406	<b>3410</b>
800	Toppskarfur	<i>Phalacrocorax</i>	13	53	<b>66</b>	2233	5048	<b>7281</b>
1540	Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	6	33	<b>39</b>	4343	3610	<b>7953</b>
1580	Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>	97	289	<b>386</b>	5629	8215	<b>13844</b>
1590	Blesgæs	<i>Anser albifrons</i>	78	0	<b>78</b>	465	0	<b>465</b>
1610	Grágæs	<i>Anser anser</i>	29	56	<b>85</b>	1051	2171	<b>3222</b>
1670	Helsingi	<i>Branta leucopsis</i>	18	23	<b>41</b>	58	36	<b>94</b>
1680	Margæs	<i>Branta bernicla</i>	132	0	<b>132</b>	1736	0	<b>1736</b>
1790	Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>	0	2	<b>2</b>	342	1936	<b>2278</b>
1820	Gargönd	<i>Anas strepera</i>	0	0	<b>0</b>	64	173	<b>237</b>
1840	Urtönd	<i>Anas crecca</i>	1	3	<b>4</b>	219	959	<b>1178</b>
1860	Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	3	13	<b>16</b>	408	2142	<b>2550</b>
1890	Grafönd	<i>Anas acuta</i>	0	0	<b>0</b>	71	246	<b>317</b>
2030	Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>	3	0	<b>3</b>	344	994	<b>1338</b>
2040	Duggönd	<i>Aythya marila</i>	1	0	<b>1</b>	560	1452	<b>2012</b>
2060	Æður <sup>1)</sup>	<i>Somateria mollissima</i>	376	144	<b>520</b>	10830	9233	<b>20063</b>
2110	Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>	0	0	<b>0</b>	130	152	<b>282</b>
2120	Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>	3	0	<b>3</b>	580	862	<b>1442</b>
2130	Hrafnsönd	<i>Melanitta nigra</i>	1	0	<b>1</b>	623	437	<b>1060</b>
2170	Húsönd	<i>Bucephala islandica</i>	0	0	<b>0</b>	612	364	<b>976</b>
2210	Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	1	0	<b>1</b>	271	123	<b>394</b>
2230	Gulönd	<i>Mergus merganser</i>	0	0	<b>0</b>	9	8	<b>17</b>
2430	Haförn	<i>Haliaeetus albicilla</i>	0	35	<b>35</b>	12	691	<b>703</b>
3090	Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	4	6	<b>10</b>	318	979	<b>1297</b>
3180	Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	1	21	<b>22</b>	108	1679	<b>1787</b>
3300	Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	10	1	<b>11</b>	5052	4186	<b>9238</b>
4500	Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	163	454	<b>617</b>	1776	9051	<b>10827</b>
4700	Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	29	86	<b>115</b>	1871	7805	<b>9676</b>
4850	Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	2	99	<b>101</b>	1370	8296	<b>9666</b>
4960	Rauðbrystingur	<i>Calidris canutus</i>	677	0	<b>677</b>	7083	0	<b>7083</b>
4970	Sanderla	<i>Calidris alba</i>	89	0	<b>89</b>	3074	0	<b>3074</b>
5100	Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	3	1	<b>4</b>	3104	1183	<b>4287</b>
5120	Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>	29	20	<b>49</b>	4292	2129	<b>6421</b>
5190	Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	40	59	<b>99</b>	1180	6252	<b>7432</b>
5320	Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	25	48	<b>73</b>	986	2020	<b>3006</b>
5380	Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	65	209	<b>274</b>	478	6429	<b>6907</b>
5460	Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	19	107	<b>126</b>	1165	6967	<b>8132</b>
5610	Tildra	<i>Arenaria interpres</i>	32	0	<b>32</b>	4139	0	<b>4139</b>
5640	Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	109	1	<b>110</b>	1286	3030	<b>4316</b>
5650	Þórshani	<i>Phalaropus fulicarius</i>	0	0	<b>0</b>	49	60	<b>109</b>
5670	Kjói	<i>Stercorarius parasiticus</i>	40	3	<b>43</b>	112	749	<b>861</b>
5690	Skúmur	<i>Catharacta skua</i>	0	60	<b>60</b>	168	21131	<b>21299</b>
5820	Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	0	217	<b>217</b>	375	13154	<b>13529</b>
5900	Stormmáfur	<i>Larus canus</i>	34	3	<b>37</b>	43	2594	<b>2637</b>

1. tafla (frh.)

Númer	Tegund	Latneskt heiti	Merkir 2017			Samtals 1921-2017			
			Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls	
5910	Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	232	35	<b>267</b>	2933	3460	<b>6393</b>	
5920	Silfurmáfur	<i>Larus argentatus</i>	15	11	<b>26</b>	1040	2660	<b>3700</b>	
5980	Bjartmáfur	<i>Larus glaucooides</i>	9	0	<b>9</b>	81	0	<b>81</b>	
5990	Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	7	3	<b>10</b>	563	2587	<b>3150</b>	
6000	Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	4	108	<b>112</b>	435	3285	<b>3720</b>	
6020	Rita	<i>Rissa tridactyla</i>	47	244	<b>291</b>	3496	32874	<b>36370</b>	5
6160	Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	30	974	<b>1004</b>	4880	51858	<b>56738</b>	4
6340	Langvía	<i>Uria aalge</i>	16	280	<b>296</b>	11855	5934	<b>17789</b>	
6350	Stuttnefja	<i>Uria lomvia</i>	9	0	<b>9</b>	1671	94	<b>1765</b>	
6360	Álka	<i>Alca torda</i>	0	0	<b>0</b>	2888	2879	<b>5767</b>	
6380	Teista	<i>Cepphus grylle</i>	18	8	<b>26</b>	2384	17887	<b>20271</b>	9
6540	Lundi	<i>Fratercula arctica</i>	47	1584	<b>1631</b>	34379	45168	<b>79547</b>	2
7680	Brandugla	<i>Asio flammeus</i>	2	1	<b>3</b>	47	102	<b>149</b>	
10110	Púfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	250	8	<b>258</b>	8710	8289	<b>16999</b>	
10200	Mariuerla	<i>Motacilla alba</i>	131	29	<b>160</b>	2016	6589	<b>8605</b>	
10660	Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>	130	6	<b>136</b>	894	168	<b>1062</b>	
11460	Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	15	1	<b>16</b>	1427	3367	<b>4794</b>	
11870	Svartþröstur	<i>Turdus merula</i>	161	23	<b>184</b>	875	127	<b>1002</b>	
12010	Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	1896	501	<b>2397</b>	45037	22693	<b>67730</b>	3
13140	Glókollur	<i>Regulus regulus</i>	44	0	<b>44</b>	221	6	<b>227</b>	
15720	Hrafn	<i>Corvus corax</i>	0	0	<b>0</b>	98	1557	<b>1655</b>	
15820	Stari	<i>Sturnus vulgaris</i>	417	91	<b>508</b>	2950	1171	<b>4121</b>	
16630	Auðnutittlingur	<i>Carduelis flammea</i>	8766	18	<b>8784</b>	27237	2362	<b>29599</b>	7
18500	Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	497	0	<b>497</b>	79063	2234	<b>81297</b>	1
<b>19 sjaldgæfar tegundir (af 81)</b>			<b>68</b>	<b>0</b>	<b>68<sup>2)</sup></b>	<b>1155</b>	<b>92</b>	<b>1247<sup>3)</sup></b>	
<b>Samtals</b>			<b>15257</b>	<b>6206</b>	<b>21463</b>	<b>348642</b>	<b>370155</b>	<b>718797</b>	

<sup>1)</sup> Þ.m.t. æður eldisungar 4496.

<sup>2)</sup> Sjaldgæfir fuglar 2017 (19 tegundir, fullvaxnir nema annað sé tekið fram): hvítfálki 1, förufálki 1, dvergsnípa 1, silkitoppa 1, glóbrystingur 2, söngþröstur 3, mistilþröstur 1, netlusöngvari 1, garðsöngvari 1, hettusöngvari 10, hnoðrasöngvari 1, gransöngvari 5, laufsöngvari 4, flekkugrípur 1, fjallafinka 3, barrfinka 3, hrímtittlingur 3, krossnefur 25, pánefur 1.

<sup>3)</sup> Sjaldgæfir fuglar frá upphafi (81 tegund, fullvaxnir nema annað sé tekið fram): gráhegri 8, hnúðsvanur 1, dvergsvanur 1, kanadagæs 1, brandönd 5u, brúðönd 1, ljóshöfðaönd 1, skeiðönd 2 fv + 7u, skutulönd 1u, gráheiðir 1, fjallvákur 1, turnfálki 8, gunnfálki 1, hvítfálki 4, förufálki 6, keldusvín 10 fv + 11u, sefhæna 1, bleshæna 4, vepja 2 fv + 3u, dvergsnípa 2, skógarsnípa 5, lappajaðrakani 1, fjöruspói 1 fv + 3u, fjallkjói 3u, ísmáfur 2, kolþerna 1u, haftyrdill 50 fv + 2u, bjargdúfa 2u, hringdúfa 3 fv + 2u, turtildúfa 2, snæugla 3, eyrugla 6, múrsvölungur 5, landsvala 10 fv + 4u, bæjasvala 2, skógtittlingur 1, gulerla 1, silkitoppa 17, runnatíla 1, glóbrystingur 47, blábrystingur 1, garðaskotta 1, vallskvetta 2, gráþröstur 102 fv + 11u, söngþröstur 31, mistilþröstur 2, straumsöngvari 1, síkjásöngvari 4, dvalsöngvari 1, elrisöngvari 3, seljusöngvari 8, sefsöngvari 7, hauksöngvari 15, netlusöngvari 16, garðsöngvari 23, hettusöngvari 232, hnoðrasöngvari 17, gransöngvari 121, laufsöngvari 56, grágrípur 6, peðgrípur 1, flekkugrípur 3, laufglói 1, dvergkráka 8, kráka 1, gráspör 1, græningi 1, bókfinka 15 fv + 1u, fjallafinka 58 fv + 30u, grænfinka 1, þistilfinka 2, barrfinka 95 fv + 6u, hrímtittlingur 16, krossnefur 71, pánefur 1, rósafinka 9, kjarnbítur 1, gulskríkja 1, hörputittlingur 1, sportittlingur 6, hrístittlingur 1.

2. tafla. Fjöldi merktra fugla 2017 skipt eftir merkingamönnum.

Nr.	nafn	Fullv.	Ungar	Alls	
353	Aðalsteinn Snæþórsson	0	6	6	
273	Arnór Þórir Sigfússon	92	268	360	
407	Aron Leví Beck	0	63	63	
417	Árni Ásgeirsson	26	3	29	
261	Björn Hjaltason	131	0	131	
380	Böðvar Þórisson	55	32	87	
254	Einar Ó. Þorleifsson	16	0	16	
401	Ellen Magnúsdóttir	17	80	97	
262	Erpur Snær Hansen	73	761	834	7
424	Eyjólfur Tryggvason	1	153	154	
222	Finnur Logi Jóhannsson	484	40	524	
388	Freydís Vigfúsdóttir	26	32	58	
385	Fuglaathugunarstöð SA-lands	1492	526	2018	3
347	Grétar Jónsson	1	8	9	
289	Guðm. A. Guðmundsson	138	73	211	
316	Gunnar Tómasson	998	31	1029	6
368	Gunnar Þór Hallgrímsson	1101	336	1437	5
237	Gunnlaugur Pétursson	12	1	13	
291	Halldór Walter Stefánsson	51	104	155	
332	Hallgrímur Gunnarsson	0	6	6	
405	Ingvar A. Sigurðsson	2808	841	3649	1
404	Jim Wilson	702	0	702	9
223	Jóhann Óli Hilmarsson	0	5	5	
403	Jón Einar Jónsson	261	43	304	
386	Jón Gunnar Jóhannsson	686	20	706	8
309	Jón Magnússon	1565	296	1861	4
240	Kristinn H. Skarphéðinsson	0	24	24	
270	Kristlaug Pálsdóttir	118	92	210	
296	Ólafur Einarsson	3	7	10	
216	Ólafur K. Nielsen	12	21	33	
322	Ólafur Torfason	14	559	573	
409	Óskar Andri	32	13	45	
284	Páll Leifsson	36	53	89	
416	Pétur Halldórsson	1	0	1	
414	Professor S. Bearhop	132	0	132	
406	Róbert A. Stefánsson	0	5	5	
250	Sigurður Ægisson	71	30	101	
344	Smári Lúðvíksson	28	0	28	
419	Sunna Björk Ragnarsdóttir	4	3	7	
402	Svenja Auhage	0	5	5	
248	Sverrir Thorstensen	2914	665	3579	2
413	Sölvi Rúnar Vignisson	47	91	138	
374	T. Fox	78	0	78	
365	Tómas Grétar Gunnarsson	213	377	590	
382	Vigfús Eyjólfsson	3	0	3	
357	Yann Kolbeinsson	33	1	34	
370	Þorkell L. Þórarinsson	31	2	33	
381	Þorlákur S. Helgason	113	318	431	
333	Þorlákur Sigurbjörnsson	529	123	652	10
364	Þórir Snorrason	1	27	28	
191	Ævar Petersen	106	28	134	
371	Örn Þorleifsson	2	34	36	
	Samals	<b>15257</b>	<b>6206</b>	<b>21463</b>	